

Bragi – *yfirlitssýning*

„SJÓRINN HVARF OFAN Í HAFIÐ“




Fyrsta veturinn minn í Kaupmannahöfn kom Þórbergur Þórðarson eitt sinn í heimsókn til Steinunnar og Þórðar, nýkominn frá Rússlandi. Hann gekk um gólf allt kvöldið og sagði ferðasögu sína. Ein setningin vakti óskipta athygli viðstaddra, og er hún kveikja hugmyndarinnar að baki þessarar myndar



MODEL (1958—59)

Fyrirsætan á þessari mynd var mjög vel vaxin og fíngerð. Ég tók þá stefnu að draga fram þessi atriði í heild.



MODEL (1958)

Ég gerði þessa mynd á fyrstu mánuðum tveggja ára dvalar í München í Suður-Þýskalandi. Hún er gerð í frjálsum módeltíma á listaháskólanum og er af mjög órólegri og stórgerðri konu, er setti sig í mjög furðulegar stellingar, snúnar og undnar. Ég gerði margar myndir af andliti hennar og líkama öllum, en í þessari mynd sleppti ég andlitssvipnum og lét hreyfingar líkamans ráða ferðinni. Samsetning myndþátta í heild eiga að undirstrika hinn órólega, sálræna frumkraft innra með konunni.